

Niels Hafstein hefur opnað sýningu á myndum í Suðurgötu: nýju gallerí, þar sem áður var heimili Hjaltesteds ættarinnar. Aldurnigjóð húsi, sem hefur mis-sigjóð með árunum, og er nú ekki lengur allt notað sem íbúð.

Þetta er önnur sýningin í húsinu, áður höfðu ungmenni sýnt þar ýmsa handavinnu og bækur.

Niels Hafstein tekur list sína alvarlega sem fyrr, sinnir vísindum og kannar nýjar leiðir — færar og ófærar. Línan er viðfangsefni hans, og maður þakkar fyrir að einhver skuli hafa tíma í landinu til þess að kanna hina ýmsu möguleika sem línan gefur. Menn eru yfirleitt of upp-teknir af vinnu og hafa ekki tíma til þess að gera merkilegar tilraunir.

Það er mála sannast að föng Nielsar Hafsteins eru tæpast nógu mörg til þess að fylla sýningu. Menn ganga með ákveðnar skoðanir á því, hvaða magn þurfi að vera til þess að sýning sé sýning. Þess vegna vantar það fjölefli sem gerir margar sýningar svo áhugaverðar. Þetta eru aðeins örfáar myndir, en samt er það vel þess virði að koma og skoða. Niels Hafstein er flinkur í höndunum, og það sem hann býr til, ber vott um gott handbragð og kröfur til útlitsins. Það er ekki kastað höndunum til hlutanna — heldur þvert á móti, það er nostrað við þá, og fyrir bragðið fá myndirnar sérstakt gildi, umfram hugmyndina, sem að baki býr. Framúrstepnumenn hafa oft ekki tíma til þess að útfæra hugmyndir sínar nægilega virðulega, og því eru áhrif mynda þeirra oft dauf.

Niels Hafstein sýnir bæði veggmyndir og skulptúra og þó að vafalaust teljist margt af myndunum til smámuna, þá er þetta áhugaverð sýning og maður hefur það á tilfinningunni að þetta sé lognið á undan storminum.

Litið inn á nokkrar sýningar

Jón Baldvinsson með Landslag

Jón Baldvinsson var með sýningu í Byggingaþjónustu arkitekta dagana 21.-29. maí síðastliðinn. Þar sýndi hann nokkur málverk, flest olíumyndir máláðar á seinustu misserum.

Jón Baldvinsson hefur nú í bili gefið upp á bátinn hugsmíðar sínar í formi og lit og sýndi nú mestan part landslagsmyndir.

Jón virðist nú vera í millibilsástandi. Landslagsmyndir hans eru ekki eins sannfærandi og hinar, sem hann sýndi t.d. á Kjarvalsstöðum um árið. Í landslagið vantar öll átök í lit og formi, og myndirnar eru allar mjög svipabær í formi og eins í lit.

Samt sjáum við að málaranum er að fara fram í tækni og verður fróðlegt að fylgjast með framvindu mála hjá honum á næstunni, þegar hann hefur hrist af sér slenið.

Jón Baldvinsson hefur marga kosti sem málari, og nú er höfubatriðið að finna færar leiðir og við hæfi.

Landslagið er ekki nógu sannfærandi framhald af abstraktsjónum þeim sem hann var kunnastur fyrir fram til þessa.

Ekki svo að skilja, að Jón

máli landslag neitt verr en margir aðrir, — en sem sagt, maður bjóst við meiru.

Jón Baldvinsson á um margt óvenjulegan feril sem málari. Brauzt til mennta í myndlistum kominn á miðjan aldur eða meir. Lífið er stutt, en listin löng og hvergi má slaka á kröfum, ef framfarir eiga að eiga sér stað.


Hafsteinn Austmann sýnir á Loftinu

Hafsteinn Austmann er um margt ágætur málari, næstum því aðáunarverður. Hann ræður yfir góðri tækni — betri en margir aðrir, en helgar sig orðið nær einvörðungu akademískri abstraktion, fagaðri og traustri. Myndir hans þekkjast úr, ekki einvörðungu vegna þess að hann heldur sér við úthlutaba skák, sum sé að einn máli ferninga, aðrir hringi, sá þriðji skeifur o.s.frv. Myndir hans eru í sinn persónulegar og nýklassískar, ef svo má orða það, og þær eru allar unnar af sannri alúð.

Samt sem áður verður maður að ætla málaranum stærra hlutverk. Það er gott að keppa ekki við aðra en sjálfan sig, en vogun vinnur — og vogun tapar. Hafsteinn Austmann þarf að leggja meira undir: má ekki halda sig einvörðungu við hluti, sem hann hefur á valdi sínu.



fólk í listum



Jón Baldvinsson



Hafsteinn Austmann

Við þökkum því fyrir vandaða sýningu, en biðjum um nýstefnu næst: eitthvað þar sem kraftarnir eru notaðir meira en núna.

Það er auðvelt að ráðast að málurum með stórvörðum: segja þetta er indælt góði, en við viljum meira. Eg tel mig dómbæran, t.d. á tækni Hafsteins Austmanns með vatnsliti, sem er óvenju þróuð. Hvers vegna skyldi maður þá ekki gera kröfur?

Ef ekki væri til still, væri engin listasaga. Hafsteinn getur haldið sínum stil gegnum þykkt og þunnt, því er honum í raun og veru óhætt að bryddá upp á nýjungum.

Eg tel mig eigi að síður verða þarna varan við nýjar tilfinningar í hefðbundinni list Hafsteins Austmanns og vitna í því sambandi í myndir nr. 18 og 19. sem eru óvenjulegar myndir og standa fyrir sínu hvar sem er.

Sjómenn fá nýja mynd

A nýafstöðnum sjómanna-degi, sem var sá fertugasti, tilkynnti borgarstjórnin í Reykjavík, Birgir Ísleifur Gunnarsson, að borgin hefði ákveðið að koma fyrir höggmynd á lóð Hrafnistu. Myndin verður valin í samráði við Sjómannaáráð.

Koma ýmsar myndir til greina, þar á meðal mynd sú af Þorfinni Þórðarsyni karlsefni, sem nú er í Hljómskálagarðinum.

Vill Reykjavíkurborg með þessu minnst sjómanna, því eins og borgarstjóri tók fram, þá varð Reykjavík að því sem hún nú er, vegna öflugrar útgerðar á togurum í byrjun þessarar aldar, og að héðan var og er stunduð sjómennska.

Jónas Guðmundsson.



Bjarni Ingvarsson, Guðrún Snæfríður og Stefnum Gunnlaugsdóttir í áhrifamiklu atriði leiksins



Guðrún Snæfríður Gísladóttir, Guðný Helgadóttir, Lisa Pálsdóttir og Guðlaug María Bjarnadóttir í hlutverkum sínum í Hlaupvídd sex

Níu nemendur útskrifast úr Leiklistarskóla Íslands og frumsýna NÝTT ÍSLENZKT LEIKRIT

SJ-Reykjavík Á sunnudagskvöld frumsýnir Nemendaleikhúsið nýtt íslenskt leikrit, „Hlaupvídd sex“ eftir Sigurð Pálsson leikhúsfraeðing. Þáttakendur í Nemendaleikhúsinu eru níu nemendur á fjórða og síðasta ári Leiklistarskóla Íslands, og er þetta önnur sýningin, sem þeir standa fyrir á þessu ári. Nemendur vinna að öllu eyti að sýningunni, en leikstjóri er Þórhildur Þorleifsdóttir, leikmynd og búninga teiknaði Messíana Tómasdóttir og tónlist er eftir Sigurð Bjólú. Að

lokinni sýningu verða nemendurnir níu útskrifaðir úr leikskólanum. Þeir eiga þó eftir að ljúka einu verkefni, sjónvarpsleikriti, sem unnið verður að í sumar og haust.

„Hlaupvídd sex“ hefst 1. september 1939 og lýkur í maí 1945. Sjö konur og tveir karlar koma fram auk þriggja risaleikbrúða, Hitlers, Roosevelts og Stalíns.

Leikurinn er persónulegt drama á sögulegum grunni, eins og höfundurinn kemst að orði. Stríðsathurðirnir vofa yfir og eru bakgrunnur þeirra litlu mála, sem persónur leikrítisins eiga í, sem þó kunna að vera stærri en þau virðast.

„Hlaupvídd sex“ gerist að miklu leyti í Reykjavík, en hefst á Siglufirði þar sem nokkrar kvennanna eru í síld.

Athurðirnir fara einkum fram á heimili Kötlu og Ketils Brimdals og dóttur þeirra Vilborgar, en allur síðari hluti verksins gerist á Hótel Kötlu.

Tveir karlar og sjö konur útskrifast nú úr Leiklistarskóla Íslands og er það annar hópurinn þaðan. Um 30 manns voru í skólanum í vetur og svipaður fjöldi verður þar næsta skólaár.



Sigurður Thoroddsen, verkfræðingur sýnir

Um helgina opnar málverkasýningu að Kjarvalsstöðum, Sigurður Thoroddsen, verkfræðingur.

Sigurður er kunnur fyrir verkfræðistörf sín, en hefur auk þess jafnan unnið að myndlistarstörfum sér til hugarhægðar.

Sigurður hefur áður sýnt verk sín opinberlega og þá einkum á samsýningum FIM.

Sigurður sýnir þarna fjölda mynda, frá ýmsum tímum.

Alls munu myndirnar á sýningunni vera um 200 talsins. Þetta eru mest vatnslitamyndir, grafík, rauðkrít, krítarmyndir, teikningar, en auk þess 5 acrylmyndir.

Sigurður hóf fyrir alvöru að mála árið 1940, en elzta myndin á sýningunni mun þó vera frá árinu 1912.

Sigurður Thoroddsen er 74 ára að aldri, þegar hann heldur þessa stóru sýningu að Kjarvalsstöðum.

Sýningin verður opnuð á laugardag og verður opin næstu tíu daga eftir það. JG